

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. október 1980 539 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða enda liggur fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samín er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1980.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

AUGLÝSING

um tilnefningu flugfélags til að halda uppi áætlunarflugferðum milli landa.

Samkvæmt heimild í VI. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir og loftferðasamningi milli Íslands og Hollands, dags. 22. mars 1950, hefur samgönguráðuneytið í dag tilnefnt Íscargo hf. til að halda uppi áætlunarflugi með farþega, vörur og póst milli Íslands og Hollands.

Samgönguráðuneytið, 18. október 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

varðandi mælitæki og vogaráhöld með rafeindabúnaði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til hvers konar mælitækja og vogaráhalda, sem búin eru rafeindabúnaði til að ákvarða eðlisfræðilegar stærðir (massa) og notuð eru við starfsemi sem nota skal löggilt mælitæki og vogaráhöld samkvæmt lögum um mælitæki og vogaráhöld nr. 13 4. júní 1924 og tilskipun um mælitæki og vogaráhöld nr. 1 13. mars 1925.